



FUNDARGERÐ

Starfshópur um starfsemi Vinjar

6. fundur

Efni fundar: Fundargerð starfshóps um starfsemi Vinjar - 6. fundur

Viðstaddir: Aðalbjörg Traustadóttir, Sigbrúður Erla Arnarsdóttir, Katrín Harpa Ásgeirsdóttir, Andri Vilbergsson, Þuríður Harpa Sigurðardóttir, Elín Ebba Ásmundsdóttir, Halldóra Pálsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Hörður Jónasson, Garðar Sölvi Helgason, Hjálmar Hrafn Sigurvaldason og Ólafur Thorsson.

Fundardagur: 7. mars 2023

Tími: 14:30

Fundarstaður: Hof, Borgartún 12-14

-
- Sigríður Arndís Jóhannesdóttir mætir og kynnir Samfélagshús sem starfa á vegum Vesturmiðstöðvar, sjá meðfylgjandi glærusýningu.
 - Hópurinn dregur saman það efni sem farið hefur verið yfir og þær kynningar sem við höfum fengið.
Fulltrúar gesta Vinjar hafa áhyggjur af því að missa húsnæðið á Vin þar sem það er ákveðinn öryggisvinkill fyrir íbúa.
Erfitt fyrir hópinn sem sækir Vin að stökkva beint inn í Samfélagshúsin þar sem þau þurfa mikla aðlögun í nýjar aðstæður.
Bent á að ekki hafi alltaf verið góð reynsla af breytingum.
Er hægt að gefa meiri slaka á breytingarferlinu, þ.e. lengri tími en út árið 2023
 - Lagt til að hópurinn skili inn skriflegum sviðsmyndum til Aðalbjargar fyrir lok dags föstudaginn 10. mars nk. Á næsta fundi fer hópurinn saman yfir þær hugmyndir sem hafa borist. Ljóst er að:
 - Ein af sviðsmyndunum verður að halda Vin óbreyttri.
 - Ein hugmyndin er að færa alla starfsemina á einn stað.